



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Alþingi
Erindi nr. P 140/2346
komudagur 7.5.2012

Reykjavík 7. maí 2012

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Náttúruverndarsamtök Íslands vísa til umsagnar náttúruverndarsamtaka um drög að Rammaáætlun, dags. 11. nóvember 2011, en þar segir:

Drög að þingsályktunartillögu um rammaáætlun eru til marks um að náttúruverndarsjónarmið hafa unnið á hin síðari ár. Stjórnvöld hafa nú tækifæri til að leggja fram metnaðarfulla áætlun um nýtingu landgæða með náttúruvernd að leiðarljósi. Undirrituð samtök leggja hér til að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandi Íslands; þjóðgarður sem myndi setja Ísland á heimskortið fyrir framsýni og áræðni í umhverfismálum. Við styðjum þá aðferðafræði að skipta virkjanahugmyndum í orkunýtingar-, bið- og verndarflokka og teljum að það auðveldi yfirsýn, upplýsta ákvarðanatöku og langtíma stefnumörkun við vernd og orkunýtingu landsvæða.¹

Að mati Náttúruverndarsamtaka Íslands er sú þingsályktunartillaga sem nú liggur fyrir Alþingi umtalsvert betri en þau drög sem kynnt voru í lok ágúst 2011. Munar þar mestu um að Skrokkalda og Hágönguvirkjun eru settar í biðflokk. Ennfremur er mjög jákvætt að lagt er til að þegar í stað verði farið að huga að

... undirbúningi og framkvæmd friðlýsinga á verndarsvæðum áætlunarinnar. Í því sambandi er nauðsynlegt að styrkja starfsemi Umhverfisstofnunar á verksviði friðlýsinga. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að ráða fimm starfsmenn vegna vinnu við friðlýsingu svæða í verndarflokki og umsjón með friðlýstum svæðum, sbr. rammaáætlun.

Náttúruverndarsamtök Íslands treysta á að þegar í sumar verði hafin vinna við friðlýsingu þeirra svæða sem eru verndarflokki. Samtökin vekja athygli þingmanna á niðurstöðu skoðanakönnunnar² sem Capacent Gallup gerði fyrir öll helstu náttúruverndarsamtök

¹<http://www.rammaaaetlun.is/da/Download/default?id=231&filename=Umsögn%20félagasamtaka%20%C3%AD%20náttúruvernd%20-%20LOKA.pdf>

² http://www.natturuverndarsamtok.is/pdf/https___postur.internet.pdf

landsins³ í október s.l. sýnir að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands nýtur mikils stuðnings meirihluta landsmanna.

Stóriðju sjálfhætt

Árni Páll Arnason, þingmaður vék að afleiðingum virkjanaframkvæmda í viðtali við Fréttablaðið (Markaðinn) þann 6. ágúst 2008.

„Almenningur er frekar andvígur virkjunum. Þar held ég að fyrst og fremst sé um að kenna fruntaskap og tillitsleysi stóru orkufyrirtækjanna í garð almennings og umhverfisins. Ég held einfaldlega að almenningur líti á orkufyrirtækin sem ríki í ríkinu sem virði hvorki samskipta- né umgengnisreglur,“ segir hann og telur fyrsta skrefið í að auka tiltrú almennings á orkuöflun í sátt við umhverfið vera að Orkuveita Reykjavíkur biðjist afsökunar „á spellvirkjum sínum á Helligsheiði“, sem blasi við hverjum manni. „Og útskýri hvernig hægt sé að haga jarðvarmavirkjun í framtíðinni án svona óskapnaðar.“ Þá telur Árni Páll að Landsvirkjun verði að temja sér trúðmannlegri framkomu í samskiptum við bæði landeigendur og stjórnvöld.

„Ég held að almenningur líti svo á að ekki sé hægt að sleppa þessum villingum lausum og þess vegna sé best að banna allar virkjanir,“ segir hann og telur nauðsynlegt að koma málum í þann farveg að ekki sé verið að ívilna stóriðju á kostnað annarra atvinnugreina í landinu með því að orkufyrirtæki geti nýtt sér ríkisábyrgð á fjárflyun til þeirra verkefna. „Orkuverð á einfaldlega að vera uppi á borði og allar þessar ákvarðanir teknar á viðskiptalegum forsendum.“

Ummæli Árna Páls eru e.t.v. marks um úrræðaleysi stjórnámamanna sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð í aðdraganda hrunsins haustið 2008. Styrmir Gunnarsson lýsir því í bók sinni, *Umsátrið*,⁴ að snemma árs 2008 hafi bankastjórar Landsbanka Íslands – þeir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Arnason – hvatt mjög til þess að ráðist yrði samtímis í stóriðjuverkefni á Bakka við Húsavík og í Helguvík. Rökstuðningur bankastjórana var sá að næðust samningar við Alcoa og Century Aluminum myndu þrír milljarðar dollara flæða inn í hagkerfið á skömmum tíma. Styrmir Gunnarsson nefnir ekki í bók sinni hvort og þá hvaða stjórnámamenn beittu sér fyrir nýjum stóriðjusamningum á þessum tíma. Einungis að ekki hafi verið einhugur um málið í ríkisstjórn.

³ Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Félag um verndun hálandis Austurlands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Jöklahópurinn Skagafirði, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsatök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vestfjarða, NAUST, Sól á Suðurlandi.

⁴ *Umsátrið*, Fall Íslands og endurreisn, Reykjavík 2009.

Líkt og lesa má í 1. bindi Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis voru gerð afdrifarík mistök við hagstjórn landsins í aðdraganda hrunsins vegna uppbyggingu virkjana og stóriðju. Fram kemur í Skýrslunni að árið 2003 taldi Seðlabankinn að bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa á Reyðarfirði myndi reyna töluvert á hagstjórnina, en síðar bættist við stækkun Norðuráls á Grundartanga, auk virkjunarframkvæmda Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Þá er ótalin byggingabólan sem fylgdi í kjölfar 90% láns hlutfalls hjá Íbúðalánasjóði og 100% lána hinna ný-einkavæddu banka. Rammaáætlun er á engan hátt trygging gegn frekari mistökum við hagstjórn landsins.

Um biðflokk

Við fyrri umræðu um þingsályktunartillögu *um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða* var ítrekað fullyrt að afar mikilvægt væri fyrir þjóðarhag að þegar í stað yrði unnt ráðast í virkjanir í neðri Þjórsá og fleiri virkjunarkosti; að endurreisn efnahags landsins væri undir. Slíkt er fjarri lagi. Raunar á Landsvirkjun í mesta basli með að fjármagna þau verkefni sem fyrir liggja. Búðarhálsvirkjun var t.d. fjármögnuð með láni frá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) sem ber 1% vexti⁵ og enn er raforka frá Þeistareykjum óseld. **Krafa sveitarstjórnarmanna, þingmanna og annarra um aðgerðir stjórnvalda til að liðka fyrir framkvæmdum er enn sem fyrr krafa um að ríkið veiti afslátt á orkuverði til að laða að fjárfesta**

Á ársfundi Landsvirkjunar þann 10. apríl s.l. lýsti forstjóri Landsvirkjunar, Hörður Arnarson, því að Kárahnjúkavirkjun hefði verið fjármögnuð með skuldsetningu fyrir hrun. Þá var enginn hörgull á lánsfé og fulltrúar Landsvirkjunar voru aufúsugestir hjá bankastjórum í London City enda ríkisábyrgð á lánunum. **Landsvirkjun líður nú fyrir að stjórnámálamenn seldu orkuna frá Kárahnjúkavirkjun áður en samið var um verð fyrir orkuna.**

Íslenska ríkið hljóp undir bagga með Landsvirkjun sumarið 2009 þegar gerður var *viðbúnaðarsamningur* við Landsvirkjun þess efnis að teknar voru frá 300 milljónir dollara (þá rúmlega 38 milljarðar ISK) sem trygging fyrir því að Landsvirkjun gæti greitt lánadrottnum sínum.

⁵ EIB fjármagnar helst verkefni í hinum fátækari ríkjum Austur Evrópu.

Í fréttatilkynningu fjármálaráðherra um málið segir:

Erlendir aðilar hafa nokkrar áhyggjur af kerfisáhættu í íslensku efnahagslífi, m.a. vegna óvissu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. S&P's setti lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar á athugunarlista hinn 8. maí sl. og metur horfur neikvæðar. Í rökstuðningi er einkum lögð áhersla á að óvissa sé um hvort íslenska ríkið muni koma tímanlega til aðstoðar ef fyrirtækið lendir í fjárhagserfiðleikum. Til að bregðast við og draga úr áhyggjum erlendra aðila hafa Landsvirkjun og ríkið gert með sér viðbúnaðarsamning.⁶

Þessar 300 milljónir bandaríkjadala voru vitaskuld teknir af láni AGS til Íslands, sem var 6 milljarðar dollara. Vaxtakostnaður vegna þeirra 300 milljóna dollara sem teknar voru frá fyrir Landsvirkjun má færa á Kárahnjúkavirkjun.

Fjármálastjóri Landsvirkjunar lýsti því á ársfundinum nýverið að allt kapp væri lagt á að sannfæra lánadrottna sína um að enginn skortur verði á tekjum til að greiða niður skuldir. Vandí fyrirtækisins er að orkuverð til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar er háð álverði. Sú áhætta sem kemur niður á lánshæfi Landsvirkjunar.

Orkuveita Reykjavíkjur reynir nú að fá lífeyrissjóði að fjármagna byggingu Hverahlíðavirkjunar. Fram hefur komið að eigendur þess fjár hafa sterkar efasemdir um slíka ráðstöfun síns sparifjár.⁷ Hvernig örfáum stjórnáráðgjöfnum tókst að setja fyrirtæki í almannabjónustu á hausinn er verðugt rannsóknarefni.

Aðalatriðið era ð virkjanir í biðflokki geta beðið í mörg ár enn án þess að það komi á nokkurn hátt niður á efnahag landsins. Orkufyrirtæki munu eiga nóg með sitt þótt ekki bætist við virkjanir í neðri Þjórsá, Skrokköldu og Jökulsám Estri og Vestari, svo dæmi sé tekið. Raunar stendur það upp á Landsvirkjun að sýna það og sanna að unnt sé að reisa virkjanir á viðskiptalegum forsendum, án þess að fá lán á kostnað ábyrgð skattgreiðenda, hjá eigendum lífeyris og/eða hjá bönkum sem öðru fremur gegna félagslegu hlutverki við uppbyggingu Albaníu, Póllands eða Rúmeníu.

⁶ Sjá: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/2009/06/19/nr/12255> Augljóslega má færa þann vaxtakostnað sem hlaust af að fá 300 milljónir dollara að láni hjá AGS á reikning Kárahnjúkavirkjunar.

⁷ <http://www.mbl.is/media/28/4628.pdf>

Reykjanes

Því miður lentu mörg dýrmæt svæði á Reykjanesi í orkunýtingarflokki. Ferðaþjónusta á Reykjaneskaganum er mjög vaxandi og svæðið er heillandi útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa. Aldrei getur náðst sátt um að Sveifluháls og þar með jarðhitasvæðið í Krísuvík endi í orkunýtingarflokk. Eyðilegging á slíku náttúrusvæði í vinnu sem á að leiða til sáttar um orkunýtingu og verndun náttúrusvæða stríðir gegn heilbrigðri skynsemi. Krísuvíkursvæðið (og allt svæðið umhverfis Sveifluháls, beggja vegna) er afar dýrmætt svæði samkvæmt mælistikum náttúruverndar og fyrir ferðamennsku á Reykjaneskaga.

Í Viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar um 2. áfanga Rammaáætlunar (apríl 2011)⁸ kemur eftirfarandi fram:

Í skýrslu Verkefnisstjórnar rammaáætlunar (2011) sem þessi skýrsla er viðauki við eru svæðin talin 20 og hefur **Stóra-Sandvík á Reykjaneskaga best við** en ekki er alveg víst hvort þetta nýja háhitasvæði er sjálfstætt háhitasvæði eða hluti af Reykjanesvæðinu. [undirstrikun er okkar]

Stóra-Sandvík lendir skv. fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar í orkunýtingarflokki.

Þarf ekki að rannsaka þetta betur?

Að lokum, í markmiðsgrein skipulagslaga kveður á um,

að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,

Samþykkt þingsályktunartillögu um Rammaáætlun getur því á engan hátt takmarkað rétt almennings til að gera athugasemdir við eða andæfa áformum um virkjanir, jafnvel þótt þau áform hafi flokkast sem orkunýtingarkostir.


Hvalárvirkjun

Furðu gegnir að Hvalárvirkjun hafi verið sett í nýtingarflokk með tilheyrandi háspennulínunum, stöðvarhúsum og uppistöðulóni. Ófeigsfjörður er rómaður fyrir náttúrufegurð og að mati Náttúruverndarsamtaka Íslands væri það glapræði að ráðast þar

⁸ <http://www.idnarradunevti.is/media/Acrobat/Vidaukaskvrsla.pdf>

inn með jarðýtum og dýnamíti. Hvalárfoss er ein af djásnum Vestfjarða og Ófeigsfjörður eru dyrnar að friðlandinu á Hornströndum.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in green ink, reading 'Árni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson